

Raforkumálastjóri
Jarðhitadeild

SKÝRSLA UM ATHUGANIR VARDANDI NEYZLUVATN FYRIR
PATREKSFJÖRD

Eftir

Jón Jónsson

Inngangur

Að beiðni hr. Jóhannesar Árnasonar, þejarstjóra, fór sá er þetta ritar til Patreksfjarðar þann 7/9 sl. til þess að athuga hvort ráðlegt þatti að bora eftir neyzzluvatni fyrir Patreksfjarðarbæ. Greinargerð fyrir þessum athugunum fer hér á eftir.

Berggrunnur

Berggrunnur við Patreksfjörð eins og raunar um allan meginhluta Vestfjarða er forn basalt. Það er nánar ein-göngu myndad af hraunum, sem runnið hafa hvert ofan á annað á því tímabili jarðsögunnar, sem nefnt er tertier, en því tímabili lauk að því að talið er fyrir um einni milljón ára. Reynslan er sú að mjög vonlítis sé að vinna kalt neyzzluvatn svo nokkru nemi með því að bora í hina tertieru basaltmyndun. Á löngum tíma hafa sprungur og holur í berGINU fyllst af míneröllum sem fallið hafa út í því og gert það nánar alveg þétt.

Af þessum orsökum er ráðið frá því að bora eftir köldu vatni í þessa bergmyndun.

Laus jarðlög

Pá kemur næst til athugunar hvort vinna megi neyzzluvatn með borunum í laus jarðlög, sem eru ofan á basaltmynduninni. Það er víðast hvar sebratt við Patreksfjörð, og undirlendi sem ekkert nema eyrin sem byggðin aðallega stendur á.

Þó hafa árnar Littladalsá og Mikladalsá myndað sameiginlega malarkeilu niður við sjó. Þar matti að öllum líkendum fá verulegt magn af góðu neyzluvatni með borunum eins og nú er, en þar sem hér er um skipulagt byggingasvæði að ræða. verður heldur ekki hegt að leggja til að sú leið verði farin.

Lindir í Mikladal

I Mikladal um 2,5 - 3 km leið frá aðalbyggðinni eru vatnsmiklar lindir við svo nefnd Neðri Bæli. Rennsli aðal lindanna var mjög lauslega ástlað 30 - 50 l/sek, en aðskilegt væri að sjálfsögðu að mæla rennsli þeirra nákvæmlega sem fyrst og endurtaka súlikar mælingar við og við einkum þó í langvarandi þurrkum og frostum.

Parna er um kaldavermslulindir að ræða og með hitastig $3 - 4^{\circ}\text{C}$ sumar og vetur að vanta má. Áðurnefndan dag voru þar $+ 3,5^{\circ}\text{C}$.

Parna virðist því vera hinn ákjósanlegasti staður fyrir vatnsból handa byggðinni á Patreksfirði og þarf ekki borana við.

Varðandi vatnsból parna er því við að bæta, að aðrar lindir, þó, miklu minni eru innar í dalnum og all margar lindir eru líka neðar í dalnum og nær byggðinni. Parna má því ná verulega meira vatni síðar ef þörf krefur. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að gíða svæðið allt kringum lindirnar sem virkjaðar verða og að virkja þar svo að vatnsbólið verði alveg lokað.

Verði vatnsnotkun það mikil að ástæða sé til að spara dýrmati neyzluvatn, matti að öllum líkendum fá töluvert vatnsmagn með því að bora efst í Vatnseyrinni, rétt fyrir neðan brekkurnar og nota slikt vatn sem kálivatn á vélar og til annarra hluta sem ekki þurfa á fyrsta flokks vatni að halda.

Það skal hér tekið fram að þýðingarlaust er að bora eftir vatni í brekkunum. Að sjálfssögðu rennur nokkurt vatnsmagn undir skriðunum, en það er þar svo dreift að sáralítis fæst í hverja borholu.